



**106. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 29. janúar 2024  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Pétur Heimisson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi og Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri

**Dagskrá:**

**1. 202111134 - Málefni hafna í Múlapingi**

Staðgengill hafnarstjóra kynnir samantekt á niðurstöðum íbúakönnunar sem gerð var í tengslum við komur skemmtiferðaskipa.

Hafnarstjóri og staðgengill hafnarstjóra sátu fundinn undir þessum lið.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á stefnumörkun hafnanna. Breytingin snýr að því að setja hámarksfjölda á komu farþega með skemmtiferðaskipum. Lagt er til að hámarksfjöldi farþega á degi hverjum sé 500 á Borgarfirði, 2500 á Djúpavogi og 3500 á Seyðisfirði.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202301207 - Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands 2023**

Fundargerð frá 459. fundi Hafnasambands Íslands lögð fram til kynningar.

Hafnarstjóri og staðgengill hafnarstjóra sátu fundinn undir þessum lið.

**3. 202207050 - Aðalskipulagsbreyting, Eiðar, frístundasvæði**

Teknar eru fyrir að nýju umsagnir sem bárust við kynningu vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar vegna frístundabyggðar við Eiða.

Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Fyrir liggur minnisblað frá skipulagsráðgjafa um athugasemdir sem fram koma í umsögnum um tillöguna ásamt samantekt á þeim atriðum sem sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir afstöðu heimastjórnar Fljótshéraðs sem náttúruverndarnefndar til fyrirbyggjandi umsagna og þeirra álitaefna sem koma fram í niðurlagi minnisblaðs



skipulagsráðgjafa.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 4. 202212147 - Deiliskipulag, Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls

Teknar eru fyrir að nýju umsagnir sem bárust við auglýsingu nýs deiliskipulags smávirkjunar við Gestreiðarstaðaháls, ásamt minnisblaði frá ráðgjafa um viðbrögð við þeim í samræmi við bókun ráðsins frá 104. fundi.

Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði lagfærð til samræmis við minnisblað ráðgjafa og lögð fyrir heimastjórn Fljótsdalshéraðs til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 5. 202401132 - Lóðaúthlutun, Borgarfjörður, Jörfi

Nýtt deiliskipulag íbúðabyggðar við Jörfa á Borgarfirði tók gildi 23. júní sl. og gatna- og lagnahönnun lokið.

Liggur fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði að ákvarða um úthlutun þeirra samkvæmt reglum um úthlutun lóða hjá Múlaþingi.

Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að um úthlutun lóða fari samkvæmt lið a) í 3. gr. reglna um úthlutun lóða hjá Múlaþingi. Skipulagsfulltrúa falin framkvæmd málsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### 6. 202306059 - Útboð Baugur Bjólfs

Máli frestað.

#### 7. 202401014 - Samfélagsverkefni heimastjórna 2024

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að fjalla um útfærslu á samfélagsverkefnum heimastjórna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir hugmyndum heimastjórna að samfélagsverkefnum í samræmi við fjárhagsáætlun og umræður á fundinum og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að fylgja málinu eftir til formanna heimastjórna.

Skipting fjármuna verður óbreytt frá fyrra ári þegar heimastjórnir Borgarfjarðar, Djúfavogs og Seyðisfjarðar fengu 2 milljónir hver til umráða og heimastjórn Fljótsdalshéraðs 4 milljónir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



#### **8. 202301120 - Sveitarstjórnarþekkurinn**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur samantekt á fyrirspurnum og ábendingum sem bárust til kjörinna fulltrúa á Sveitarstjórnarþekknunum í desember síðast liðinn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi viðbrögð við þeim fyrirspurnum sem bárust kjörnum fulltrúum og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að koma þeim á framfæri.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### **9. 202401124 - Samráðsgátt. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu**

Matvælaráðuneytið kynnir í Samráðsgátt drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu í samræmi við 11. gr. laga um landgræðslu. Frestur til athugasemda er 14. febrúar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela verkefnastjóra umhverfismála að vinna drög að umsögn í samráði við formann ráðsins auk þess að fá umsagnir frá heimastjórnunum.

Þórhallur Borgarson leggur fram eftirfarandi bókun:

Við lestur á drögum að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu ásamt viðaukum er ljóst að um microstjórnun er að ræða. Ekki er tekið tillit til mismunandi aðstæðna eftir landshlutum. Eins er nauðsynlegt að kanna hvort að um svonefnda gullhúðun á regluverki sé að ræða.

Málið verði tekið fyrir að nýju.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**

